

Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Garðabær, 18. október 2023
Málsnúmer: 202309-0012
IAS

Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, færsla á Hamraneslínu 1 og 2.

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 13. september síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna færslu á Hamraneslínu 1 og 2.

Breytingin felur í sér að línurnar frá strengendavirki milli Ásvallabrautar og Kaldárselsvegar að tengivirkinu í Hamranesi verða lagðar í jörð og möstur Hamraneslínu á þessum kafla tekin niður.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Jákvætt er að í Gráhelluhrauni fylgi strengurinn fyrirbyggjandi reið- og göngustígum en þar verður líka að passa að ekki verði neinir hraunhellar eyðilagðir sem samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/>) gætu verið á línuleiðinni.

Rask verður á nútímahrauni á leiðinni frá Hvaleyrarvatnsvegi að tengivirkinu í Hamranesi en það er á stuttum kafla og aðrir möguleikar ekki í boði.

Lítill hætta er á að framkvæmdin hafi áhrif á gróðurlendi með hátt verndargildi. Mögulegt er að sjaldgæfar plöntutegundir verði fyrir áhrifum. Ein tegund á valista æðplantna, blátoppa gæti mögulega fundist á svæðinu en hún er t.d. skráð á Ásfjalli. Þá gætu sjaldgæfar burknategundir fundist í hraungjótum bæði í Gráhelluhrauni og sunnan við Hamranes.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

